

Mál nr. 47/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr innbústryggingu vegna hvarfs á fartölvu.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 20.2.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.3.2007.

Málsatvik.

Þann 12.11.2006 gaf málskotsaðili M skýrslu hjá lögreglunni á Höfn í Hornafirði vegna þess atviks er hann kveður fartölvu hafa horfið úr íbúð sem hann býr í að A, Kópavogi, ásamt sambýliskonu sinni. Kvaðst M vera háskólanemi. Föstudaginn 3.11.2006 hafi hann komið heim úr skólanum með fartölvu sína í tösku eins og venjulega og lagt hana frá sér innandyr. Um helgina hafi hann ásamt sambýliskonu sinni verið að vinna á veitingastað og af þeim sökum hafi hann ekki verið mikið heima. Mánudagsmorguninn 6.11. hafi hann farið í skólann, en þá hafi komið í ljós að tölvuna vantaði í töskuna. Í fyrstu hafi hann haldið að hann hafi gleymt henni heima; hélt kannski að hann hefði notað tölvuna um helgina, en hélt þó að svo hafi ekki verið. Við leit heima hjá sér hafi hann ekki fundið tölvuna. Síðan hafi það rifjast upp fyrir honum að hann hefði notað tölvuna seinnipart laugardagsins. Því sé ljóst að hún hafi horfið á tímabilinu frá laugardegi til mánudags.

Kvað M að ekki hafi verið merki um innbrot, en þau hafi íbúðina ávallt læsta og passað upp á að það væri alltaf læst. Það sé því ekki önnur skýring á hvarfinu en að farið hafi verið inn í íbúðina og tölvunni stolið ásamt ýmsu öðru.

Í gr. 4.5.1 í skilmálum þeim sem M krefst bóta úr, segir að vátryggingin bæti tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Í gr. 4.5.7 er tilgreind sú varúðarregla að læsa skuli íbúðarhúsum og öðrum húsum eða rýmum, sem fallið geta undir vátrygginguna, auk þess sem loka skuli gluggum og krækja aftur. Tryggingafélagið hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki liggi fyrir sönnun um innbrot.

Álit.

Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í skilmálum vátryggingarinnar bætist tjón m.a. vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði. Ekki er berum orðið tekið fram að þjófnaðurinn skuli hafa orðið við innbrot. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að lögregla hafi rannskað verksummerki á vettvangi. Frásögn M um notkun tölvunnar umrædda helgi er reikul. Þá gerði hann sér ekki grein fyrir hvarfi tölvunnar fyrr en hann ætlaði að nota hana í háskólanum að morgni mánudags. Af þessum sökum þykir skýrsla M um atvikið ekki vera nægileg sönnun þess að tölvunni hafi verið stolið úr íbúð hans að A. Slík sönnun verður heldur ekki leidd af öðrum gögnum málsins. Verður því ekki talið að hvarf tölvunnar hafi orðið af völdum atviks er falli undir gildissvið vátryggingarinnar. Tjón M fæst því ekki bætt.

Niðurstaða.

Tjón M vegna vegna meints þjófnaðar á tölvu fæst ekki bætt úr fjölskyldutryggingu hjá X.

Reykjavík, 27. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.